

Þriðjudaginn 20. apríl 2021 er í áfrýjunardómstóli HSÍ í máli nr. 2/2021:

Handknattleiksdeild Knattspyrnufélagsins Harðar

gegn

mótanefnd Handknattleikssambands Íslands

kveðinn upp svohljóðandi

d ó m u r :

Málið dæma Gunnar Jónsson, Jóhannes Albert Sævarsson og Þorsteinn Einarsson.

Með tilkynningu til skrifstofu HSÍ 18. mars 2021 áfrýjaði handknattleiksdeild Knattspyrnufélagsins Harðar dómi dómstóls HSÍ, uppkveðnum 15. mars 2021 til áfrýjunardómstóls HSÍ. Fyrir þeim dómi gerði áfrýjandi svofeldar kröfur:

Aðalkrafa:

Knattspyrnufélagið Hörður (hér eftir Hörður) krefst bess aðallega að úrskurður mótanefndar HSÍ þann 3. mars 2021 um að leikur Vængja Júpitors og Harðar í Grill66 deild karla (1. deild karla) skuli hafa farið 10-0 verði felldur úr gildi og rétt úrslit leiksins látin standa á grundvelli aðildarskortar en Vængir Júpitors kt. 460110-1220, þeir sem óskuðu keppnisleyfis í deildinni og eru aðilar að öllum leikmannasamningum, eru ekki aðilar að Handknattleikssambandi Íslands enda félagið afskráð í mars 2020. Ekkert félag er skráð með þessu nafni í félagaskrá.

Vararkrafa:

Til vara er þess krafist að sama úrskurði verði hnekkt og úrslit leiksins látin standa á grundvelli efnisvarnar sem reifuð er hér að neðan.

Brautavarakrafa:

Til brautar er þess krafist að úrskuðinum verði hnekkt og leikurinn verði spilaður að nýju.

Varnaraðili, mótanefnd HSÍ, lét málið ekki til sín taka fyrir dómstóli HSÍ. Vængjum Júpitors var gefinn kostur á að koma að athugsemdum fyrir dómstóli HSÍ og skilaði félagið

greinargerð til dómstólsins og krafðist þess að kærunni yrði vísað frá dómi og til vara að úrskurður mótanefndar HSÍ yrði staðfestur.

Dómstóll HSÍ hafnaði kröfu áfrýjanda og er úrskurðarorð dómstólsins á þessa leið: „Niðurstaða mótanefndar HSÍ að kærandi hafi notað ólöglegan leikmann í leik Vængja Júpitors og Harðar er staðfest og jafnframt er staðfest sú niðurstaða að Hörður hafi tapað leiknum 0-10.“

Málsaðilum var veittur sameiginlegur þriggja daga frestur til að skila greinargerðum til áfrýjunardómstóls HSÍ. Sá frestur rann út kl. 17:00 þann 23. mars 2021. Vængjum Júpitors var einnig gefinn frestur til að koma að athugasemdu í málínu og rann sá frestur út kl. 16:00 þann 19. apríl sl.

Áfrýjandi vísaði til greinargerðar sem hann skilaði til skrifstofu HSÍ við áfrýjun málsins. Áfrýjandi krefst þess að úrskurður mótanefndar HSÍ þann 3. mars 2021 og dómur dómstóls HSÍ um að leikur Vængja Júpitors og Harðar í Grill 66 deild karla skuli hafa farið 10-0 verði felldur úr gildi og að úrslit leiksins verði látin standa.

HSÍ lét málid ekki til sín taka að öðru leyti en að senda áfrýjunardómstóli HSÍ tölvupóst þar sem áréttáð var að staðfesting liggi fyrir af hálfu ÍSÍ um að Vængir Júpitors séu með fullgilda aðild að ÍBR og þar af leiðandi með aðild að ÍSI og HSÍ. Þá tók HSÍ fram að hvergi komi fram að Vængjum Júpitors hafi verið slitið og að HSÍ hafi ekki gert athugasemdir við að venslalið hafi samstarf um fjármál, svo sem færslu bókhalds og greiðslu reikninga. Áfrýjunardómstóll HSÍ lítur svo á að stefndi krefjist staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Vængir Júpitors skiliðu ekki athugasendum til áfrýjunardómstóls HSÍ.


Niðurstaða:

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Ekki er ágreiningur um að í leik áfrýjanda og Vængja Júpitors þann 20. febrúar 2021 hafi leikmaður nr. 25 í liði áfrýjanda, sem lék hluta leiksins, ekki verið skráður í leikskýrslu. Samkvæmt 32. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót telst lið sem notar leikmann sem ekki er getið í leikskýrslu hafa tapað leik með markatölunni 0-10, enda hafi mótanefnd verið tilkynnt með formlegum hætti innan 48 stunda frá lokum leiks um brotið. Í málínu liggur fyrir að Vængir Júpitors sendu mótanefnd tilkynningu innan þess frests. Að mati áfrýjunardómstóls HSÍ hefur dómur dómstóls HSÍ í máli nr. 1/2019 ekki þýðingu í málínu.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Dómur dómstóls HSÍ skal vera óraskaður.



Gunnar Jónsson
Jóhannes Albert Sævarsson
Þorsteinn Einarsson